

Haustsýning Listaskálans í Hveragerði

Hveragerði. Morgunblaðið.

HAUSTSÝNING Listaskálans í Hveragerði verður opnuð í dag. Á sýningunni verða 59 listaverk eftir 22 myndlistarmenn. Ætlunin er að haustsýning með þessu sniði verði árlegur viðburður í starfsemi Listaskálans. Auglýst var eftir verkum á sýninguna og var öllum myndlistarmönnum gefinn kostur á því að senda verk sín fyrir dómnefnd. Dómnefndina skipuðu Magdalena Margrét Kjartansdóttir og Valgarður Gunnarsson myndlistarmenn, ásamt Einari Hákonarsyni, eiganda Listaskálans. Að sögn dómnefndar var valið erfitt því innsend verk voru alls 116 eftir 29 listamenn.

Á árum áður hélt Félag íslenskra myndlistarmanna haustsýningar með svipuðu sniði og þessi er og voru þær með vinsælustu sýningum sem þá voru haldnar. Aðspurður sagðist Einar Hákonarson strax hafa verið ákveðinn í því að endurvekja þessa hefð þegar



EINAR Hákonarson, Magdalena M. Kjartansdóttir og Valgarður Gunnarsson, er skipuðu dómnefnd, voru öðrum kafin við uppsetningu verkanna í vikunni.

Morgunblaðið/Aldís Hafsteinsdóttir

Listaskálinn yrði að veruleika. „Haustsýningarnar gáfu almenningi kost á því að sjá þær hræringar sem efst voru á baugi á hverjum tíma, og einnig gáfu

þær óþekktum listaspírur tækifæri til að láta að sér kveða á myndlistarsviðinu. Ég vona að sýningin nú verði aðeins sú fyrsta af mörgum sem hér verði

enda stefni ég á það að hafa slíkar sýningar árlega.“

Haustsýning Listaskálans í Hveragerði stendur til 23. nóvember.

SAUÐUR Á STRIGA

FÉLAG ÍSLENSKRA myndlistarmanna gengst fyrir samsýningu félagsmanna sinna í Ásmundarsal, Freyjugötu. Yfirskrift sýningarinnar, sem verður opnuð í dag kl. 15, er Óðurinn til sauðkindarinnar. Á sýningunni eru tæplega 200 örverk eftir 42 félagsmenn og 6 gesti frá Nýlistasafninu sem boðið var til þátttöku.

Um langt árabíl stóð Félag íslenskra myndlistamanna fyrir sýningum félagsmanna, svonefndum Haustsýningum, og þóttu sýningarar veita góða innsýn í það sem var að gerast á vettvangi myndlistar hérlandis hverju sinni. Sýningarar hafa hins vegar legið niðri sl. 8 ár og nú hefur stjórn og sýningarnefnd félagsins ákveðið að endurvekja sýningarar þó með breyttu sniði sé. „Við viljum bæði auðga sýningarlífið, sem einkennist mikið af einkasýningum, og hjappa félagsmönnum saman,“ segir Guðbjörg Lind Jónsdóttir, formaður Félags íslenskra myndlistarmanna.

„Hugmyndin er sú að bjóða félagsmönnum upp á skemmtilega glímu við ákveðið viðfangsefni. Flestir sýningarsalir borgarinnar eru of litlir til þess að hægt sé að bjóða félagsmönnum að halda sýningu á verkum sínum öðruvísi en að takmarka fjölda þátttakenda hverju sinni. Niðurstaðan varð því sú að fara þá leið, sem lítið hefur verið reynd hérlandis fram að þessu, að gangast fyrir örsýningu með ákveðnu þema sem þátttakendur ynnu eftir,“ segir



SÝNING Félags íslenskra myndlistarmanna, Óðurinn til sauðkindarinnar, verður opnuð í Ásmundarsal í dag. Kristín Geirsdóttir, Anna Jóa og Sigurður Örlygsson við uppsetningu sýningarinnar.

Morgunblaðið/Kristinn

Guðbjörg Lind. Stærðartakmarkanir örverkasýningarinnar eru 20x20 sm eða 20x20x20 sm ef um þvíð verk er að ræða. Gestir frá Nýlistasafninu eru þau Áslaug Thorlacius, Hildur Hákonardóttir, Hreinn Friðfinnsson, Steingrímur Eyfjörð og Ólafur Lárusson.

Í formála sýningarskrár segir m.a. að sauðkindin hafi að nokkru leyti verið vanrækt yrkisefni í íslenskrri myndlist til þessa. Fjölmíðlaumræða um sauðkindina

hafi verið hávær og neikvæð undanfarin ár en þó megi segja að íslenska sauðkindin endurspegli best hin duldu sálardjúp Íslendingsins, þversagnir tilveru hans og þvermóðsku.

„Þátttakan í sýningunni segir okkur að það er þörf fyrir svona sýningu og greinilegt er að þemað stendur mörgum nærri,“ segir Guðbjörg Lind. Hljóða til sauðkindarinnar einkennir sýninguna. „Hér er öll flór-an. Eldri og yngri félagsmenn hafa sent

inn verk, virkir jafnt sem þeir sem minna hafa sig í frammi og það gefur sýningunni mikla breidd.“ Efnistöð eru afar fjölbreytt og í sumum tilfellum er sauðurinn sjálfur efniviður; ull, mör, blóð og sauðamjólk á striga. Allflest verkin eru unnin sérstaklega fyrir sýninguna en elsta verkið er frá 1977. Verkið er framlag Kristjáns Davíðssonar sem gat þess að myndin væri „kindarleg“ og ætti því vel heima á sýningunni.